



Símafrí í grunnskólum Akureyrarbæjar

Upplýsingar fyrir starfsfólk skóla

Sáttmáli um símafrí í grunnskólum Akureyrarbæjar mun taka í gildi í ágúst 2024. Í sáttmálanum felst eftirfarandi:

- Í grunnskólum Akureyrarbæjar skulu nemendur ekki nota síma á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Leiðin milli skóla og íþróttamannvirkja telst til skólalóðar.
 - Þetta á einnig við önnur snjalltæki sem trufla kennslu og einbeitingu (t.d. snjallúr).
- Á föstudögum er nemendum á unglíngastigi heimilt að nota síma í frímínútum á skilgreindum svæðum.
- Símar og önnur snjalltæki eru ávallt á ábyrgð eigenda sinna.
- Komi nemendur með síma í skólann, þá skulu nemendur í 8. – 10. bekk geyma símana í læstum skápum og yngri nemendur geyma símana í töskum. Símar skulu ekki geymdir í fatnaði nemenda eða á borðum.

Undantekningar

- Símafrí nær ekki til skólaferðalags nemenda við lok 10. bekkjar. Hver skóli ber ábyrgð á því hvernig þeim reglum skuli hagað í samráði við áfangastað.
- Nemendum sem þurfa á síma að halda vegna heilsufarslegra ástæðna (t.d. vegna sykursýkismælinga) er heimilt að hafa síma á sér, en aðeins til notkunar í þeim tilgangi.

Viðbrögð við notkun síma í leyfisleysi

Sé reglum um símafrí ekki fylgt eftir fær nemandi áminningu/samtal við kennara og tækifæri til setja símann á viðeigandi stað. Við endurtekið brot er nemandi boðið að velja á milli þess að:

- A. afhenda símann sem verður geymdur á skrifstofu skólastjórnanda til loka skóladags nemanda.
- B. fara á skrifstofu skólastjórnanda og bíða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

Við ítrekuð brot á símafrí er boðið til fundar með nemanda og foreldrum og skráning gerð í Mentor.

Í símalausu skólastarfi notar starfsfólk ekki síma sína á svæðum nemenda nema með einstökum undantekningum og þá vegna starfsins.